

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

912. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. júlí 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Fulltrúar í stjórn húsnefndar Ásbyrgis mæta til fundar við byggðarráð.** Farið yfir viðhald og fyrirkomulag á rekstri Félagsheimilisins Ásbyrgis og heitra potta á Laugabakka
2. **Ráðning sviðsstjóra fjölskyldusviðs.** Níu umsóknir bárust um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Byggðarráð samþykkir að ráða Jennýju Þórkötlu Magnúsdóttur, þroskaþjálfari í starfið.
3. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 15. júní sl.**
4. **Lögð fram fundargerð félagsmálaráðs frá 20. júlí sl.** Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
5. **Úthlutun styrkja úr Húnasjóði.** 7 umsóknir bárust um styrk úr Húnasjóði, þar af voru 5 sem uppfylla skilyrði til úthlutunar. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2016:
 - Guðríður Hlín Helgudóttir, nám til BA prófs í ferðamálafræði.
 - Kolbrún Arna Björnsdóttir, nám í japönsku máli og menningu
 - Kristrún Pétursdóttir, nám til BS prófs í næringarfræði
 - Sigrún Soffía Sævarsdóttir, nám til BS prófs í umhverfis- og byggingarverkfræði
 - Þórgímur Guðni Björnsson, nám til BS prófs í íþróttfræðiStyrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000
6. **Lagt fram bréf frá Randy Sigurdson bæjarstjóra Town of Arborg í Kanada,** þar sem hann lýsir áhuga borgarstjórnar á að gerast vinabær Húnaþings vestra. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.
7. **Ástand Vatnsnesvegar.**

Byggðarráð Húnaþings vestra vill vekja athygli ráðherra á þeirri slysagildru sem vegurinn fyrir Vatnsnes er og krefst þess að ráðherra íhlutist um úrbætur án tafar.

Krafan er eftirfarandi:

1. Að vegurinn verði breikkaður, styrktur og sett á bundið slitlag

2. Að útskot við veginn verði merkt
3. Að brúarstæði við Tjörn verði lagfært m.v. hönnun Vegagerðarinnar

Vegurinn er orðinn gamall og ber ekki þá umferð sem um hann fer, enda bæði þröngur og hættulegur. Hann er ósléttur og miklar ójöfnur á yfirborði en það sem gerir hann sérstaklega hættulegan er að vegurinn er ekki nógu breiður til að bílar geti mæst með góðu móti. Útskot eru ómerkt og því erfitt fyrir óvana að átta sig á þeim. Þá eru vegkantar víða farnir að síga og sum staðar er brotið úr köntum.

Bílaumferð eykst sífellt, bæði einkabílar og þungar stórar rútur enda vinsælir ferðamannastaðir á þessari leið s.s. Hvítserkur og Illugastaðir. Vegurinn er þröngur, vegkantar svikulir og útskot ómerkt. Staðan er orðin þannig að óvíst er hversu lengi dugar að fara varlega og slá verulega af þegar bílar mætast. Þá þurfa bílstjórar að vita af útskotum til að geta nýtt sér þau og útskotin þurfa að þola þunga stórra bíla. Segja má að vegurinn sé ekki bara hættulegur heldur er hann að verða handónýtur. Það þarf að byggja hann upp aftur og breikka. Þangað til þarf að merkja útskot þannig að bílar geti mæst, bera í veginn og hefла reglulega.

Almennt keyra óvanir bílstjórar of hratt miðað við aðstæður og hægja ekki á sér á slæmum köflum. Miðað við aukningu umferðar um Vatnsnesið sl. ár, þá má búast við að álagið komi til með að aukast. Fyrirsjáanleg aukning er ekki aðeins á sumrin heldur allt árið þar sem vetrarferðamennska er að taka við sér. Þá fer skólabíll um þennan veg allan veturinn og hafa foreldrar skólabarna gert ítrekaðar athugasemdir við ástand vegarins og þá sérstaklega brúarstæðið við Tjörn.

Það er kostnaðarsamt fyrir samfélög að hafa slæma vegi þar sem tjón á fólki og bílum er fyrirsjáanlegt. Auðvelt er að reikna kostnað vegna slitinna dekkja og skemmda á bílum en tjón vegna líkameiðsla verður seint fullreiknað.

Samþykkt að taka á dagskrá:

Byggðarráð þakkar þeim sem stóðu að hátíðinni Eldur í Húnaþingi um nýliðna helgi fyrir gott starf og vel heppnaða hátíð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16.01

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir